



Skógarferð til Colorado

Inngangur

Skógræktarfélag Íslands hefur nú um tveggja áratuga skeið staðið fyrir almennum fræðsluferðum á erlenda grundu og nú í ár var haldið vestur um haf, til Colorado-fylkis í Bandaríkjunum. Ferðin var farin dagana 26. september til 6. október og voru það rúmlega 50 manns sem fóru. Ferðin var skipulögð í samráði við Þórarinn Benedíksz skógræðing, en hann fór um Colorado í fræsöfnunarferð um Bandaríkin og Kanada með Ágústi Árnasyni árið 1971. Þórarinn var einnig skógræðilegur leiðsögumaður í ferðinni, en svo skemmtilega vildi til að Ágúst Árnason var einnig með í för. Fararstjóri fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands var Brynjólfur Jónsson og Kristján Baldurs-son, frá ferðaskrifstofunni Trex, sá um túlkun á mótum þórnari og almennt utanumhald, með aðstoð frá Hrefnu Einarsdóttur, Skógræktarfélagi Íslands.

Ferðasaga

Ferðalagið hófst með flugi til Denver í Colorado

fimmtudaginn 26. september, en þangað var komið tæplega sjö að kvöldi. Þar tók rútbílstjórinn Richard Maxcy við ferðalöngunum, en hann fylgdi hópnum það sem eftir var. Lítið var gert annað en að koma sér fyrir á hóteli, en gist var fyrstu þrjár næturnar í Lakewood, einu nágrannasveitarfélagi Denver.

Föstudagur 27. september

Fyrsti heili dagur ferðalagsins rann upp með rigningu og gráum himni. Óvenju miklar rigningar höfðu verið dagana á undan, með tilheyrandi flóðum, og þurfti að hnika aðeins til dagskránni vegna þeirra, en sumar akstursleiðir sem til hafði staðið að fara voru lokaðar, þar sem vegirnir voru í sundur. Íslensku ferðalangarnir létu hins vegar rigninguna lítið á sig fá, enda þessi fyrsti dagur meira og minna inni við.

Byrjað var á því að halda til bæjarins Fort Collins, þar sem farið var í heimsókn til Rocky Mountain Research Station, einnar rannsóknastöðvar U.S. Forest Service (þeirra Skógrækt ríkisins), en þær eru alls



Gestgjöfum í Rocky Mountain Research Center í Fort Collins færðar þakkir fyrir höfðinglegar móttökur. Lengst til vinstri er Megan Matonis, en það var mamma hennar sem tók að sér að koma með hressingu fyrir íslensku gestina og fær hún auðvitað sérstakar þakkir fyrir! Mynd: RF

nú talsins í Bandaríkjunum. Fengu ferðalangarnir þar almenna kynningu á stofnuninni og fyrirlestra um ýmislegt er tengist skógum í Colorado sérstaklega, svo sem helstu skógargerðir og vistfræði, vatnsbúskap, kolefnisbindingu, skógarelda, helstu plágur (sérstaklega barkarbjöllu - *Dendroctonus ponderosa*) og nóturösp (*Populus tremuloides*), en hún er mikið einkenni á fylkinu, þótt ekki sé hún opinbera fylkistréð - sá heiður fellur í hlut broddgrenis (*Picea pungens*). Einnig var boðið upp á hressingu í umsjón mömmu eins starfsmannsins! Að þessum fræðsluerindum loknum hélt svo Þórarinn Benedíksz erindi um skógrækt á Íslandi, en gestgjafarnir hjá U.S. Forest Service höfðu óskað sérstaklega eftir því. Brynjólfur Jónsson sagði svo stuttlega frá Skógræktarfélagi Íslands.

Frá Fort Collins var stefnan tekin aftur til Lakewood, en þar voru svæðishöfuðstöðvar U.S. Forest Service heimsóttar. Tók Dave Steinke upplýsingafulltrúi þar á móti hópnum og sýndi mynd - „*Entering the Forest Service*“ - sem vanalega er sýnd þeim sem eru að hefja störf á stofnuninni og inniheldur almenna kynningu á henni. Sagði hann einnig stuttlega frá helstu verkefnum og sat fyrir svörum. Það sem kemur fólki oft einna mest á óvart er að U.S. Forest Service hefur ekki aðeins umsjón með þjóðskógum, heldur líka yfir tuttuugu þjóðargraslendum (*national grasslands*).

Laugardagur 28. september

Til stóð að eyða öllum deginum í Rocky Mountain þjóðgarðinum, en hluti garðsins var óaðgengilegur í kjölfar flóðanna sem verið höfðu og þurfti því að



Ferðalangar búa sig undir að horfa á stutta kvikmynd um U.S. Forest Service (Skógrækt ríkisins) í svæðishöfuðstöðvum þeirra í Lakewood. Mynd: RF

breyta dagskránni. Dagurinn hófst því á akstri að Echo Lake vatninu á Mount Evans, en það stendur í rúmlega 3.200 m hæð. Það er hluti af svokölluðu fjallagarðakerfi (*Mountain Park System*) Denver-borgar, en því var komið á árið 1910. Hefur Denver-borg þá tekið frá eða keypt svæði í fjöllumum í kringum Denver, til að tryggja íbúum borgarinnar aðgengi að útivist í nálægum fjöllum. Eru garðarnir nú alls 22 talsins. Í Echo Lake tók Ed Kasten landvörður á móti hópnum, fræddi um garðinn og leiddi göngu meðfram vatninu, en við annan enda þess tekur Arapaho þjóðskógurinn við. Nutu ferðalangar gönguferðarinnar, því í stað rigningarinnar daginn áður var komið sólskin og fallegasta veður, þótt það væri aðeins nappurt þetta hátt uppi á fjöllum. Að gönguferð lokinni snæddu ferðalangar hádegisverð í Echo Lake Lodge, sem stendur við vatnið.

Því næst var stefnan tekin á Georgetown, sem er gamall námabær og vinsæll ferðamannastaður, en gamli miðbærinn í honum er vel varðveittur með mörgum húsum frá Viktoríutímanum. Bærinn er ekki stór, með aðeins um 1.100 íbúa og stendur í töluverðri hæð, um 2.600 m. Gafst ferðalöngunum tækifæri til að skoða sig um í bænum, áður en haldið var aftur til baka til Lakewood. Á bakaleiðinni var ekið meðfram Clear Creek ári um Clear Creek gljúfrið. Áin kom við sögu í námavinnslu á gulli á seinni hluta 19. aldar, þar sem hún var mikið notuð til skolonar. Fékk hún þá nafnið Clear Creek („Tæra á“) sem öfugmæli, en hún þótti með endemum aurug, eða eins og það var orðað á sínum tíma „of þykk til að drekka en of fljótandi til að plægja“. Mikið er búið að hreinsa



Gengið meðfram Echo Lake vatninu. Við enda þess er tjaldstæði (þar sem húsið á myndinni er), sem tilheyrir Arapaho þjóðskóginum. Eins og sjá má á myndinni þrífast trén þarna vel, þrátt fyrir hæðina, en vatnið stendur í um 3.200 m hæð. Mynd: RF

ána í dag og getur hún, í fjöllum að minnsta kosti, alveg staðið undir nafni sem Tærá. Hún rennur síðar út í South Platte River, sem er mikilvæg uppspretta vatns til landbúnaðar í austurhluta Colorado.

Sunnudagur 29. september

Dagurinn hófst á heimsókn að Red Rocks Amphitheatre rétt utan við Denver. Það er stórt tónlistarhús (eiginlega hringleikahús) úti undir beru lofti, innan Red Rocks Park, sem er einn af fjallagörðum Denver borgar. Garðurinn einkennist af rauðleitum sandsteinsmyndunum, en af þeim dregur hann nafn sitt. Red Rocks er frægur tónleikastaður og hefur meðal annars íslenska hljómsveitin Of Monsters and Men leikið þar. Engir tónleikar voru þarna í gangi þetta árla morguns, en hins vegar mikið af fólki að stunda líkamsrækt - virðast tröppurnar í hringleikahúsinu vera vinsælar fyrir skokk og aðra hreyfingu.

Frá Red Rocks var svo stefnan tekin í vestur og ekið upp í Klettafjöllin. Fyrsta meginstopp dagsins var í Berthoud Pass skarðinu, en þar er hæðin rúmí 3.400 m. Vegurinn yfir skarðið þykir með þeim erfiðari í Colorado, vegna hæðar og fjölda vinkilbeygja. Í Berthoud Pass skarðinu er líka hið svokallaða „Continental Divide“, en það eru megin vatnaskil í Ameríku. Vestan við skilin renna vötn til sjávar í Kyrrahafi, en til

Atlantshafs fyrir austan. Í skarðinu var farið að nálgast skógarmörk, en að jafnaði eru skógarmörk í Colorado í um 3.500 m hæð.

Frá Berthoud Pass var haldið til Rocky Mountain þjóðgarðsins, en hægt var að komast inn í hann vestan megin frá. Þjóðgarðurinn var stofnaður árið 1915 og er sá sjötti sem stofnaður var í Bandaríkjunum. Ekið var að útsýnisstað, sem kallast Fairview Curve, en hann stendur í rúmlega 3.000 m hæð og er þaðan falllegt útsýni yfir Kawuneeche dalinn og Never Summer fjallgarðinn, en hann dregur nafn sitt af heiti Arapaho-indíána fyrir fjöllin – Ni chebe-chii – sem þýðir einmitt Aldrei Sumar. Kawuneeche nafnið kemur einnig úr máli Arapaho-indíána og þýðir „dalur sléttu-úlfanna“. Því næst var haldið að einni upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins – Alpine Visitor Center – en hún reyndist lokuð, enda hafði snjóað efst í fjöllum og var verið að moka snjó frá innganginum með gröfu þegar komið var að stöðinni. Útsýnið við stöðina stóð samt alveg fyrir sínu, enda stendur stöðin í rétt tæplega 3.600 m hæð. Er þar komið upp fyrir skógarmörk og sást því vel frá henni.

Næst var stefnan tekin á bæinn Grand Lake, sem stendur við samnefnt stöðuvatn, og var þar tekið hádegishlé. Grand Lake stendur undir nafni, því það er stærsta náttúrulega stöðuvatnið í Colorado (öll



Gamli miðbærinn í Georgetown. Bærinn byggðist upp eftir 1860 og þótt hann sé ekki stór í dag, var hann á sínum tíma miðstöð silfurnámavinnslu í Colorado, eftir að stórar silfurnámur fundust á svæðinu. Mynd: RF

stærri vötn eru uppistöðulón). Við vatnið er siglingaklúbbur, Grand Lake Yacht Club, sem Richard bílstjóri hélt fram að væri „hæsti“ siglingaklúbbur í heimi, en vatnið stendur í tæplega 2.600 m hæð. Frá Grand Lake var svo ekið í gegnum Routt þjóðskóginn og meðfram Colorado-ánni þar sem hún fellur um Glenwood-gljúfrið, þar sem hún hefur grafið sig niður í gegnum setlög. Vegurinn um gljúfrið þykir með fallegri þjóðvegum í Bandaríkjunum, enda rísa gljúfurveggirnir sums staðar allt að 400 m yfir ána. Deginum lauk svo í bænum Glenwood Springs, þar sem var gíst, en hann hefur það sér helst til frægðar að hafa stærstu hveralag í heimi (123 x 30 m).

Mánudagur 30. september

Frá Glenwood Springs var haldið áfram í vestur og suður meðfram Colorado-ánni til bæjarins Grand Junction, en þar koma saman Colorado- og Gunnison-árnar. Eftir smá hressingarstopp þar var haldið í Black Canyon þjóðgarðinn. Um hann liðast Gunnison áin í ægífögru gljúfri. Heildarlengd gljúfursins er um 77 km, en þar af liggja um 19 km innan þjóðgarðsins og er það dýpsti og hrikalegasti hluti gljúfursins. Nafn sitt - Svartagljúfur - dregur gljúfrið af dökkleitum hamraveggjum, samspili svartra fléttna sem þekja veggina og dýptar gljúfursins, en þar sem það er

brattast nær það 500-740 m dýpt.

Eftir hádegishlé í bænum Montrose var svo haldið áfram til suðurs að bænum Ouray og þaðan um hinn svokallaða „Million Dollar Highway“ veg, sem liggur að hluta um San Juan þjóðskóginn. Ýmsar sagnir eru um uppruna nafnsins – að vegagerðin hafi kostað milljón á mílu á sínum tíma (3. áratug 20. aldar) eða að fylliefnið í veginum innihaldi milljón dollara virði af gullgrýti. Óumdeilt er þó að vegurinn fer mjög fallega leið og yfir þrjú skörð – Red Mountain Pass (tæplega 3.400 m), Molas Pass (rúmlega 3.300 m) og Coal Bank Pass (rúmlega 3.200 m). Var gert stöpp í Red Mountain Pass, þar sem nóturöspin sá um óvenju fallega haustliti og í Coal Bank Pass, en á báðum stöðunum gafst tækifæri til að skoða trjágróðurinn aðeins nánar.

Frá Coal Bank Pass var svo ekin bein leið til bæjarins Durango, en þar átti hópurinn bókaða gistingu á hinu merka Strater Hotel. Hótelíð var upphaflega byggt árið 1887 og hefur verið í rekstri síðan, en sama fjölskyldan hefur rekið hótelíð frá 1926. Áhersla er lögð á að viðhalda andblæ þess tíma sem það var byggt á, Viktoríutímans, eins og kostur er, og er til dæmis einn barinn í húsinu, Diamond Belle Saloon, þekktur fyrir lifandi „ragtime“ tónlist og þjónustufólk í búningum. Hafa ymsir þekktir einstaklingar gíst á



Red Rocks Amphitheatre situr á milli tveggja stórra rauðleitra sandsteinskletta. Sviðinu er stillt upp þannig að þegar tónleikar eru á kvöldin glittir í ljósin í Denver og nágrennasveitarfélögum bak við sviðið. Svæðið er greinilega vinsælt til útivistar utan tónleikatíma. Mynd: RF



Alpine Visitor miðstöðin í Rocky Mountain þjóðgarðinum. Hún var skiljanlega ekki opin þegar komið var að henni, enda erfitt að komast inn vegna snjós! Miðstöðin lokar vanalega endanlega fyrir veturinn um miðjan október. Mynd: RF



Aldrei-Sumar-fjöllin (Never Summer Mountains) í norðvesturjaðri Rocky Mountain þjóðgarðsins. Nafnið er komið úr máli Arapaho-índíána og líklega tilkomið vegna þess að fjöllin eru nær alltaf með einhvern snjó á toppnum. Mynd: RF



Fjölbreyttur gróður við Black Canyon gljúfríð í samnefndum þjóðgarði, meðal annars eik (*Quercus gambelii*), „kanínurunni“ (*Chrysothamnus nauseosus*) og gulfura (*Pinus ponderosa*). Mynd: RF

Skógrækt ríkisins - U.S. Forest Service

Skógrækt ríkisins í Bandaríkjunum - U.S. Forest Service - var stofnuð árið 1905 og er deild innan Landbúnaðarráðuneytisins (U.S. Department of Agriculture). Eitt helsta hlutverk stofnunarinnar er að hafa umsjón með þjóðskógum (*national forests*), sem eru um 155 talsins og um tuttugu þjóðargraslendum (*national grasslands*). Samtals þekja þessi svæði um 780.000 km², eða um 8% landsins. Að auki fer stofnunin með margvíslegar rannsóknir tengdar skógum og graslendi.

Yfir stofnuninni er skógræktarstjóri (*Chief*) sem situr í Washington. Stofnunin skiptist svo í níu svæði (*regions*) sem ná yfir öll Bandaríkin og er Colorado í svæði 2 - Rocky Mountains. Yfir hverju svæði er svæðisvörður (*regional forester*), sem fer með stjórn á viðkomandi svæði. Innan hvers svæðis eru svo þjóðskógar og graslendi, sem eru á milli 200-4.000 km² að stærð. Hverju svæði er svo skipt upp í varðarumdæmi (*ranger district*), sem alls eru yfir 600 talsins og getur tiltekin þjóðskógar spannað nokkur varðarumdæmi. Innan hvers umdæmis vinna 10-100 manns.

Þjóðskógar og graslendi eru í eigu alríkisstjórnar Bandaríkjanna. Ólíkt þjóðgörðum eru ýmis not af þeim leyfileg, svo sem skógarhögg, húsdýrabeit og margvísleg útivist og er mikil áhersla lögð á margbreytilega nýtingu (*multiple-use*). Einnig skipta skógar og gresjur miklu máli upp á vatnsbúskap og sem búsvæði ýmissa villidýra.

Nánar má kynna sér U.S. Forest Service á heimasíðu stofnunarinnar - www.fs.fed.us.



Fallegir haustlitir í Red Mountain Pass. Mynd: RF



Í Notah Dineh Trading Post er mikið úrval af ýmis konar handverki indíána á svæðinu til sölu - meðal annars teppi, sandmyndir, leirker, perlusaumur, silfur- og túrkisskartgripir, málverk og mokkasínur. Mynd: RF



Haldið til skógar í Wolf Creek Pass. Mynd: RF



Haustlitir í „fullum blóma“ í Monarch Pass. Mynd: RF

hótelinu í gegnum tíðina, svo sem Robert Kennedy og Gerald Ford Bandaríkjaforseti. Einhverjar sögur eru um draugagang á hótelinu, þótt staðarhaldarar gefi lítið fyrir það, eða eins og það er orðað „The hotel is not haunted. We keep all of our spirits in the saloon!“.

Priðjudagur 1. október

Til stóð að heimsækja Mesa Verde þjóðgarðinn þennan dag. Því miður þá var komin í gang vinnu- stöðvun alríkisstarfsmanna, sem mótmæli við seinagangi við afgreiðslu fjárlaga á Bandaríkjaþingi, og var því búið að loka öllum þjóðgördum. Meira segja var fólki sem tjaldað hafði inn í þeim vísað út. Var samt ekið til bæjarins Cortez í útjaðri þjóðgarðsins, þar sem sjá mátti til fjallanna í Mesa Verde. Þar var heim- sótt Notah Dineh verslunarstöðin, en hún skiptir við og selur hina ýmsu framleiðslu indíána á svæðinu. Í stöðinni er líka lítið safn, með indíanamunum. Nafn stöðvarinnar kemur úr máli Navajo-indíána - þar sem

Notah þýðir „næstum þar“ og Dineh þýðir „fólkið“, en það er það sem Navajo-indíánarnir kalla sig sjálfa. Frá Cortez var haldið aftur til Durango, þar sem haft var hádegishlé, áður en haldið var áfram til austurs að Wolf Creek Pass (um 3.300 m hæð). Þar hitti hópurinn Dean Swift, en hann rekur fyrirtæki sem selur fræ og hefur mikið magn fræja sem komið hefur til Íslands komið frá honum. Leiddi hann gönguferð út í skóg í Wolf Creek Pass til að skoða gróður þar. Því miður var skógurinn þar heldur óhrjálegur, með mikið af dauðum trjám, vegna samverkunar skordýra og þurrka undanfarinn áratug eða svo, sem hafa veikt trén. Frá Wolf Creek Pass var svo ekið til bæjarins Alamosa, þar sem gist var næstu nótt. Þar snæddu Dean Swift og frú líka kvöldverð með ferðalöngunum og voru svo kvödd formlega.

Miðvikudagur 2. október

Það hafði staðið til að byrja daginn á að heimsækja



Við skógarmörk í Cottonwood Pass. Mynd: RF

Great Sand Dunes þjóðgarðinn, en eins og Mesa Verde var hann lokaður vegna vinnustöðvunar alríkisstarfsmanna, þannig að hópurinn varð að láta sér nægja að skoða sandöldurnar í þjóðgarðinum úr fjarlægð. Í staðinn var ekið upp í Monarch Pass skarðið (tæplega 3.500 m hæð). Eins og í mörgum öðrum skörðum eru þar megin vatnaskil, hið fyrrnefnda „Continental Divide“. Hópurinn þurfti aðeins að sæta færís á veginum upp skarðið því þar var kvikmyndataka í gangi, en verið var að taka upp akstursatriði fyrir sjöundu *The Fast and the Furious* kvikmyndina.

Eftir stutt myndastopp á leiðinni niður skarðið var ekið að bænum Salida, þar sem tekið var hádegishlé. Eftir hádegisöld var haldið upp í Cottonwood Pass skarðið (rétt tæpir 3.700 m) en það liggur á milli tveggja þjóðskóga, San Isabel til austurs og Gunnison til vesturs. Þar gafst tækifæri til að skoða haustliti og huga betur að trjátegundum. Frá Cottonwood var svo stefnan tekin í austur og ekið til bæjarins Colorado Springs, þar sem gist var næstu nótt.

Fimmtudagur 3. október

Dagurinn hófst á ferð meirihluta ferðalanganna upp á Pikes Peak fjallið, sem er rétt rúmlega 4.300 m hátt. Þangað er hægt að komast með lest, sem gengur á

tanhjólum, enda bratti upp á fjallið víða of mikill fyrir hefðbundna lest. Einnig liggur hlykkjóttur vegur upp á fjallið, en íslensku ferðalangarnir nýttu sér lestina. Lítil hluti hópsins varð reyndar eftir, enda ekki allir sem hafa heilsu til að fara þetta hátt upp, þar sem súrefnið í andrúmsloftinu er þá orðið rúmlega 40% minna en við sjávarmál. Gafst gott tækifæri í lestinni til að skoða hin ýmsu stig skóga í fjöllumunum, enda liggur leiðin frá sléttu vel upp yfir skógarmörk. Einnig mátti sjá bregða fyrir villtum dýrum, svo sem jarðlökornum og stórhyrningum (*Bighorn sheep*).

Að lestarferðinni lokinni var ekið til Garden of the Gods, en það er nafn á svæði með sérkennilegum rauðleitu klettamyndunum. Svæðið hefur verið í miklum metum allt frá tímum indíána, en þar finnst um 3.300 ára mannvistarleifar, og hefur verið útnefnt sem „náttúruleg þjóðargarsemi“ (*National Natural Landmark*). Eftir hádegismat í miðstöð svæðisins var ekinn hringur um svæðið og skoðaðar hinar ýmsu klettamyndanir, en þær hafa hin margvíslegustu nöfn, svo sem „Grátandi indíáninn“ og „Kysandi kameldýrin“.

Frá Garden of the Gods var svo stefnan tekin beint á Denver, þar sem gist var síðustu tvær næturnar á góðu hóteli í miðbænum.



Landslagið er óneitanlega stórbrotið í Glenwood-gljúfrinu, þar sem háir hamraveggir rísa nær lóðrétt upp. Mynd: RF



Gröf Vísunda-Villa (Buffalo Bill) og konu hans, Louisa Maud, á toppi Lookout Mountain fjallsins. Mynd: RF

Föstudagur 4. október - sunnudagur 6. október

Föstudagurinn var frjálsgalur, þannig að ferðalangar gátu hugað að því sem þeir vildu í Denver. Hluti nýtti daginn til að skoða sig um, en í Denver er margt að sjá, til dæmis mjög áhugaverður grasagarður. Aðrir nýttu tækifærið til að versla.

Á laugardeginum var ekkert sett á dagskrána utan brottfarar út á flugvöll fyrir flug heim. Richard bílstjóri bauð hins vegar upp á skoðunarferð um morguninn að gröf Vísunda-Villa (Buffalo Bill) fyrir þá sem vildu og nýttu margir sér það. Gröf Villa og konu hans er uppi á fjalli, Lookout Mountain, sem dregur nafn sitt af því að indíánar á svæðinu nýttu sér fjallið til að fylgjast með umferð annarra ættbálka og vísunda á sléttunum, en af fjallinu er mikið og gott útsýni yfir sléttuna sem Denver er á og má sjá á milli 200-300 km út á hana við bestu skilyrði.

Eftir frjálstan tíma uppi á Lookout Mountain var svo haldið aftur að hótelinu í Denver, þar sem náð var í þá ferðalanga sem kusu að vera eftir um morguninn og þaðan haldið út á flugvöllinn í Denver og flogið heim. Var lent í Keflavík rúmlega sex að morgni 6. október.

Lokaorð

Skógræktarfélag Íslands hefur ekki oft staðið fyrir ferðum vestur um Atlantshafið, en þetta var eingöngu sú þriðja (á eftir Alaska árið 2001 og Nýfundnalandi árið 2005). Mótast það líklega frekar af ferðatíma (Ameríka er heldur fjær Íslandi en Evrópa) heldur en því að ekki sé mikið áhugavert að sækja þangað, því stór hluti þeirra trjátegunna sem notaðar eru í skógrækt hérlendis á jú uppruna sinn fyrir vestan haf. Enda voru ýmsar tegundir sem fönguðu auga skógræktarfólksins í ferðinni - sumar hverjar sem finnast nú þegar hérlendis og aðrar sem væri áhugavert að prófa.

Þakkir

Ferðafélögunum er þakkað fyrir ánægjulega samfylgd, sem og fararstjórum og skipuleggjendum. Richard bílstjóri reyndist lipur og þægilegur, auk þess að vera hinn mesti fróðleiksbrunnur og fær hann sérstakar þakkir fyrir leiðsögnina.

Höfundur: RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR